



Reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Suðurnesjabæ

Á grundvelli samnings sinnir Félagsþjónusta Suðurnesjabæjar þjónustu við íbúa Sv. Vogar samkvæmt reglum þessum

1. gr.

Markmið með akstursþjónustu

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að auka sjálfstæði þeirra, með það að markmiði að gera eldri borgurum kleift að búa lengur í heimahúsum og stuðla að sjálfstæði þeirra

2. gr.

Réttur til þjónustu

- a) Akstursþjónusta aldraðra er ætluð íbúum sem eiga lögheimili í Suðurnesjabæ 67 ára og eldri.
- b) Búa sjálfstætt.
- c) Hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nýta sér almenningsamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar eða annarrar skertrar getu.
- d) Hafi umsækjandi sem orðin er 67 ára áður fengið ferðaþjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, á hann rétt á þjónustunni áfram á meðan þörf er.
- e) Þeir einstaklingar sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.
- f) Í undantekningartilvikum er akstursþjónustan veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða (skemmri en þriggja mánaða) s.s. vegna aðgerða, sjúkdóma og slysa.

3. gr.

Skilgreining á akstursþjónustu

Ferð er skilgreind sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka innan þjónustusvæðis. Þjónustusvæðið er Suðurnes (Suðurnesjabær, Reykjanesbær og Vogar). Hámarksfjöldi ferða er 15 ferðir á mánuði, í undantekningartilvikum er heimild að veita fleiri ferðir þegar um er að ræða sérstakar aðstæður eins og akstur til að sækja sérhæfða lækni meðferð.



4. gr.

Umsókn um akstursþjónustu

Umsókn er að finna á heimasíðu og á skrifstofum sveitarfélagsins. Félagþjónusta annast móttöku og afgreiðslu umsókna. Með umsókn skal fylgja rökstuðningur fagaðila.

5. gr.

Gildistími samþykkrar umsóknar

Umsóknir eru metnar tímabundið eftir aðstæðum hvers og eins, þó aldrei lengur en til eins árs í senn og skal endurnýjast við lok gildistíma, sé þess óskað.

Notenda ber að tilkynna fjölskyldusviði allar þær breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu. Félagþjónustu er heimilt að endurskoða gildistíma samþykktar ef að verulegar breytingar verða á högum umsækjanda.

6. gr.

Gjaldtaka

Gjald fyrir hverja ferð er ákveðið af bæjarráði og birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Ef eintaklingur er með aðstoðarmann þarf að láta bílstjóra vita. Aðstoðarmaður greiðir sama gjald og notandi.

7. gr.

Ferðatilhögun

Þegar umsókn hefur verið samþykkt getur umsækjandi pantað ferð hjá framkvæmdaraðila ferðaþjónustunnar, sem veitir upplýsingar um aksturstíma og skipuleggja ferðir.

Farþegar skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum.

Akstursþjónusta er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.



8. gr.

Akstur í dagvist fyrir aldraða

Akstur í dagvist fyrir aldraða er skv. 13.gr. laga 125/1999 um málefni aldraða og reglugerð nr. 45/1990 um dagvist aldraða sem kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagvistina sækja, til og frá heimili sínu.

9.gr.

Akstur til og frá stofnun

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókn- og sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraða nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta auk endurhæfingar.

9. gr.

Afturköllun samþykkis

Félagsþjónustu Suðurnesjabæjar er heimilt að afturkalla samþykki um akstursþjónustu sé um að ræða brot á reglum þessum, misnotkun á úthlutuðum ferðum eða vangoldin akstursgjöld.

10.gr.

Varðveisla gagna, persónuvernd, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

11. gr.

Heimild til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Félagsþjónustu Suðurnesjabæjar taka samkvæmt reglum þessum ákvarðanir í umboði Fjölskyldu og velferðarráðs Suðurnesjabæjar



12.gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun. Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að fjölskyldu- velferðarráð Suðurnesjabæjar fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast ráðinu innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar skal kynnt umsækjanda bréflega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

13.gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs, sbr. 63. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 <https://www.urvel.is/malaflokkar/felagsthjonusta-og-husnaedismal/>

14. gr.

Gildistaka

Reglur þessar byggja á X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er heimilt að veita.

Samþykkt af fjölskyldu og velferðarráði þann 21. September 2023

Samþykktar af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar 1.nóvember 2023 og taka gildi 1.1.2024.